



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Styrkir til menningarmála árið 2022

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þann 10. janúar 2022 var lögð fram tillaga faghóps menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um styrki til menningarmála árið 2022. Tillagan var samþykkt samhljóða og vísað til kynningar í borgarráði.

Virðingarfyllst,

Hild Ingimarsdóttir
starfandi sviðsstjóri
Menningar- og ferðamálasvið

Samrit:

Hjálagt:
Greinargerð faghópsins
Yfirlit yfir styrkina

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGUM FAGNEFNDAR UM STYRKI MENNINGAR- ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDRÁÐS 2022

Alls bárust upphaflega 163 umsóknir til meðferðar. Þrjár umsóknir voru fluttar af öðrum sviðum til faghóps MÍT og samtals 12 umsóknir voru fluttar frá faghópi MÍT til annarra fagnefnda. Ein umsókn var tvítekin. Alls voru því að lokum 153 umsóknir til meðferðar þar sem sótt var um samtals 265.413.699 kr. Nokkrir umsækjendur tilgreindu ekki umsóttu upphæð. Heildarfjárhæð úthlutað til almennra styrkja nam 44.600.000 kr. Þar af 2.000.000 kr. ráðstafað til Lifthóps Reykjavíkur árið 2022. Engir samstarfssamningar voru lausir þetta árið og því ekki úthlutað.

Nefndarmeðlimir lásu umsóknir yfir áður en þeir hittust á fundum sínum þar sem farið var yfir þær og komist að sameiginlegri niðurstöðu. Faghópurinn ákvað að veita hærri og færri styrki en undanfarin ár og helst sem næst þeirri upphæð sem óskað var eftir. Ljóst var þó á yfirferð að margir sækja um sambærilega upphæð og veitt var í málaflokkinn undanfarin ár. Það er því ljóst að við heildarfjármögnun t.d. sviðslistaverka sem kosta að meðaltali um 20.000.000 kr. er Reykjavíkurborg aðeins að leggja til 2.5% með því að veita 500.000 kr. styrk sem er sambærilegt við eins mánaðar listamannalaun í 15 manna framleiðslu sem tekur allt að 3 mánuði að framkvæma ásamt undirbúningi. Fjárpörfin er mikil og aðeins hægt að mæta um 18% af því sem sótt er um. Í ljósi aðstæðna sem skapandi greinar hafa búið við vegna heimsfaraldurs er nauðsynlegt að opinberir aðilar bregðist við og auki fjármagn til úthlutunar.


Nefndin leitaðist við að velja metnaðarfull verkefni úr fjölbreyttu úrvali umsókna. Haft var að leiðarljósi að fjármunum yrði vel varið ásamt því að glæða borg og menningu lífi. Einnig og ekki síður að stuðningur myndi gagnast mörgum á breiðum vettvangi og að gert væri ráð fyrir að greiða þátttakendum laun en ekki bara í rekstur, framkvæmd og viðhald fasteigna.

Ein meginregla nefndarinnar var að verk væru komin nokkuð á reikispöl og kæmu til framkvæmda á árinu. Við ákvarðanatöku var horft til þess hvort verk-, tíma- og fjárhagsáætlun væri raunhæf. Faghópurinn velti fyrir sér hvort að aðilar sem nú þegar eru að veita Reykjavíkurborg þjónustu s.s. lúðrasveitir ættu ekki að fá greitt fyrir veitta þjónustu með innsendum reikning í stað þess að láta þær senda inn umsókn á hverju ári. Verður ekki alltaf lúðrasveit á 17. júní og 1. maí? Jafnframt skýtur það skökku við að fjalla um umsóknir aðila sem sækja um 1/3 af heildar upphæðinni og því spurning hvort að þannig hátíðum sé ekki fundinn annar farvegur s.s. í gegnum menningarhátíðir Reykjavíkurborgar. Af heildarfjöldi umsókna fá 55 meðmæli nefndarinnar.


SKIPTING MILLI GREINA Í GRÓFUM DRÁTTUM

Margar umsóknir eru þverfaglegar og bera með sér skörun ólíkra listgreina. Í grófum dráttum er skipting á eftirfarandi máta;


HLUTFALL AF HEILDARUMSÓKNUM



HLUTFALL ÚTHLUTAÐRA STYRKJA



HLUTFALL ÚTHLUTAÐRA FJÁRMUNA



LISTHÓPUR REYKJAVÍKUR

Nefndin gerir tillögu um að hópur að baki TRASH Festival með Elínu Margot Ármannsdóttur í farabroddi, verði útnefndur Listhópur Reykjavíkurborgar 2022.

TRASH er sjálfbær hönnunarhátíð í Gufunesi - með áherslu á hringrásarhagkerfi og sameiningu skapandi rýma á svæðinu. Meginþema þess er hringlaga hagkerfi og það miðar að því að sameina skapandi rými Gufuness, skapa umferð um svæðið og framleiða áhugaverðar menningarlausnir í nýju frjóu og skapandi hverfi Reykjavíkur. Hátíðin er vikulangur viðburður með vinnustofum, fyrirlestrum, sýningum, kvöldverði og hittingum.

Að lokum vill nefndin þakkar starfsfólki Menningar- og ferðamálasviðs gjöfult samstarf og Menningar- íþrótta- og tómstundaráði traustið.

Nefndina skipuðu:

Gunnar I. Gunnsteinsson (formaður),

Sigurlín Bjarney Gísladóttir,

Snorri Sigurðarson,

María Kristín Jónsdóttir

Freyja Eilíf Logadóttir

Virðingarfyllst, í Reykjavík 5. janúar 2022

TILLAGA FAGHÓPS

STYRKVEITINGAR MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐS ÁRIÐ 2022

Listhópur Reykjavíkur

2 m. kr. TRASH Festival með Elínu Margot Ármannsdóttur í fararbroddi

Styrkir til verkefna

2,5 m. kr. Lókal, leiklistarhátíð – LÓKAL, alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík

2 m. kr. Menningarfélagið Hneykslist - Reykjavík Fringe 2022

2 m. kr. SÍM, Samband ísl. myndlistarmanna – TORG, Listamessa í Reykjavík 2022

2 m. kr. Listvinafélagið í Reykjavík - Listvinafélagið í Reykjavík 2022-2024

1,5 m. kr. Ung Nordisk Musik - Ung Nordisk Musik 2022

1,5 m. kr. Ragnheiður Maísól Sturludóttir - Norrænir músíkdagar 2022

1,5 m. kr. Miðstöð hönnunar og arkitektúrs - DesignTalks

1,2 m. kr. Edda Björg Eyjólfsdóttir - Venus in Furs

1,2 m. kr. Kammerhópurinn Nordic Affect - Starf kammerhópsins Nordic Affect

1,2 m. kr. Hringleikur – Sirkuslistafélag - Sirkushátíð Hringleiks

1,2 m. kr. Litla Havana - Menningarstarf Skuggabaldurs

1 m. kr. Haraldur Hrafn Guðmundsson - Midgard Reykjavík

1 m. kr. Narfi Þorsteinsson - Rúststeinar

1 m. kr. Heimili kvikmyndanna-Bío Paradís - Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð í Reykjavík 2022

900.000 kr. Utan lands - Gallery Port

900.000 kr. Multis ehf. - Multis útgáfa og gallerí

900.000 kr. Þula - Art Gallerí - Þula

800.000 kr.	Jónmundur Grétarsson - Íslandsklukkan
800.000 kr.	Gunnsteinn Ólafsson - Sinfóníuhljómsveit unga fólksins
800.000 kr.	Hjalti Vigfússon - Tu jest za drogo (Úff, hvað allt er dýrt hérna
700.000 kr.	Aulos, Félagasamtök - WindWorks - tónlistarhátíð 2022
700.000 kr.	Anna Guðný Eiríksdóttir - Korda samfónía
700.000 kr.	Pamela D. Kristbjargardóttir - Tónleikar og málþing um stöðu kventónskálda
600.000 kr.	Sigríður Soffía Níelsdóttir - Til hamingju með að vera mannleg
600.000 kr.	Unnur Elísabet Gunnarsdóttir - Nýr heimur - Ég býð mig fram - Séría 4
600.000 kr.	Melkorka Sigríður Magnúsdóttir - HVERFA
600.000 kr.	Leirlistarfélagið - Fast og fljótandi
600.000 kr.	Félag um Ljósmyndahátíð Íslands - Ljósmyndahátíð Íslands 2022
600.000 kr.	Fatahönnunarfélag Íslands - Íslensk flík í 20 ár
500.000 kr.	Kara Hergils Valdimarsdóttir - Ó, veður!
500.000 kr.	Arna Kristín Sigfúsdóttir - Nordklang - norræn kórahátíð og norræn kórstjóraráðstefna2022
500.000 kr.	Raflistafélag Íslands - Raflost 2022
500.000 kr.	Andrea Elín Vilhjálmsdóttir - Plöntutíð
500.000 kr.	Menningarfélagið Selur - Þoka
500.000 kr.	Júlíana Kristín Jónsdóttir - „Bara vinkonur“
500.000 kr.	Unkown/Sigurður Atli Sigurðsson - Prent & vinir vinnustofa
500.000 kr.	Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir - Umbra opnar dyr til fortíðar
500.000 kr.	ErkiTíð - Íslensk tónlistarhátíð
500.000 kr.	Lúðrasveit verkalýðsins - Lúðrasveit verkalýðsins
500.000 kr.	Lúðrasveit Reykjavíkur - 100 ára afmæli Lúðrasveitar Reykjavíkur
500.000 kr.	Snorri Valsson - Lúðrasveitin Svanur
500.000 kr.	Elfa Lilja Gísladóttir - Upptakturinn 2022, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna
500.000 kr.	Ármann Helgason - Camerartica 2022
500.000 kr.	Hildigunnur Halldórsdóttir - 15:15 tónleikasyrpan

500.000 kr.	Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir - IBBY á Íslandi
500.000 kr.	Kristín Mjöll Jakobsdóttir - Hnúkapeyr - tónleikastarfsemi 2022
400.000 kr.	Unkown/Jónas Hauksson - Doomcember 2022
300.000 kr.	Dans Afríka Iceland - Dans Afríka Barakan Festival Iceland 2022
300.000 kr.	Snorri Rafn Hallsson - FLANERÍ: RVK
300.000 kr.	Hildur Elísa Jónsdóttir - 1+1 Art Zine (2022-23)
300.000 kr.	Ragnheiður Harpa Leifsdóttir - Skrifað úr kófinu
300.000 kr.	Íris Björk Gunnarsdóttir - Hinseginleiki á Óperusviðinu
300.000 kr.	Bergljót Arnalds - Perlan leikur í 40 ár!
300.000 kr.	Árni Rúnar Hlöðversson - Milkywhale og Kvennakórinn Katla á Listahátíð 2022